

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
um gjaldtöku Isavia á Keflavíkurflugvelli.

Frá Jóni Steindóri Valdimarssyni.

1. Hvaða reglur gilda um töku lendingargjalda, farþegagjalda, stæðisgjalda, flugverndargjalda, flugleiðsögugjalda og annarra gjalda sem við kunna að eiga á Keflavíkurflugvelli? Óskað er svara um gjöld innlendra sem erlendra flugfélaga og um gjaldskrá, greiðslufresti og úrræði til að innheimta gjöldin.
2. Hvaða reglur gilda í tilvikum þar sem einstök flugfélög borga ekki framangreind gjöld:
 - a. eru reiknaðir dráttarvextir af gjöldunum eða öðrum sektarúrræðum beitt,
 - b. er jafnræði milli flugfélaga hvað þetta varðar,
 - c. hvaða tryggingar þurfa flugfélög að setja fyrir greiðslu skulda?
3. Hve háum skuldum hafa einstök flugfélög safnað frá og með árinu 2013? Hverjar eru fjárhæðir stærstu skuldunauta? Hversu stór hluti skuldanna var kominn fram yfir gjald-daga?
4. Hefur einhverjum flugfélögum verið neitað um viðskipti vegna vangreiddra gjalda frá og með árinu 2013 og ef svo er, hversu mörg eru þau og í hvaða löndum voru þau skráð?

Skriflegt svar óskast.
